

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1974

Nr. 16.

238

9. apríl 1974.

L Ö G

um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Seltjarnarneshreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Seltjarnarneshrepp og heitir Seltjarnarneskaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Kjósarsýslu og bæjarfógeti Hafnarfjarðar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört í Reykjavík, 9. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.